

til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lög-  
birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1949.

Nr. 121/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)  
gegn

**Angantý Arngrími Elíassyni**

(Theodór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot  
kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr.  
4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt  
þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega  
ákveðin 42.500 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi  
varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd  
innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og  
um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með  
talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir  
Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

### Dómsorð:

Kærði, Angantýr Arngrímur Elíasson, greiði 42.500  
króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki  
greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í  
hennar stað varðhald 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra  
svo og greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera  
óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflytningu skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Theodórs B. Línalds, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.**

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Angantý Arngrími Eliassyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Angantý Arngrími Eliassyni skipstjóra, Hlaðbæ í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur í Bolungarvík 29. apríl 1916 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, ekki sætt annarri refsingu en þeirri, að hinn 26. janúar 1937 sætti hann í Reykjavík 15.00 króna sekt fyrir snjókast á götum bæjarins.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvælinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Eliasson flugstjóri, Eskihlið 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólög-mætar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest þá frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti, sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurborg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislínu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herdisarvík hafi sézt togbátur að veiðum í landhelgi klukk-an 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sézt tveir tog-bátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátnum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að þeir gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sézt um-

dæmisbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislinunnar. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Kötlutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislinunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómílu fyrir innan línuna, en stytzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Kötlutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, allir að ólöglegum landhelgisveiðum 1.8 sjómílu innan landhelgislinunnar. Eftir athugun á þeim hafi fluginu enn verið haldið áfram austur með landi til áframhalds gæzlustarfinu og nú stefnt laust við Alviðruhamarsvíta. Klukkan 12.13 sást bátur grunsamlega nærri landi út af Mýrnatanga, og var stefna sett á hann. Klukkan 12.15 var flogið yfir bátinn, er reyndist vera v/b Sídon, V.E. 29, en það er togbátur að stærð 65 smálestir brúttó með 200 hestafla vél, og er eigandi hans h/f Sæbjörg í Vestmannaeyjum. Skipstjóri á v/b Sídon var kærði, Angantýr Arngrímur Eliasson. Þar eð gæzlumennirnir töldu, að báturinn væri þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir þegar athugun um stað hans og afhafnir. Sneri báturinn stefni upp og austur með landi. Var fyrst flogið yfir bátinn, rétt á hlið við hann á stjórnborða, í rúmlega sigluhúnahæð, austur með honum og nokkuð austur fyrir hann með stefnu á Mýrnatangamerki. Síðan var snúið vestur aftur og að Kúðafljótsós, en þaðan var flogið beint út að bátnum og yfir hann. Þá var beygt í vestur og stefnt á Alviðruhamarsvíta. Var þessi stefna flogin, meðan gæzlumennirnir voru að átta sig á miðinu, en er þeir voru búnir að því, var snúið við og enn flogið austur, fram hjá bátnum landmegin, og var þá athugun í sambandi við hann lokið. Staðarákvörðun bátsins höfðu gæzlumennirnir gert á flugi því, er lýst hefur verið, með því að stafnsetja flugvélina fyrst á Mýrnatangamerki og síðan Alviðruhamarsvíta. Reyndist staður bátsins: Alviðruhamarsvíti réttvísandi 285°, Mýrnatangamerki réttvísandi 360°, eða 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. — Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, er hann hafði sett hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli bátsins og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athugun sína. Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum stað v/b Sídon, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðist dómarrinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrum varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarrans. — Kærði lýsti því í rannsókn málsins, að hann gæti ekkert um staðarákvörðunina sagt og því ekki heldur andmælt henni.

Að þessu athuguðu þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Sídon hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Sídon

væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti og kærðu skipstjórnann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn síðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógeta-fulltrúa, 2. apríl sl., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi farið í róður frá Vestmannaeyjum klukkan 6 að morgni hins 30. marz sl. Hafi hann farið austur að Mýrdalsvík og fiskað þar allan daginn, en um kvöldið haldið austur með landi. Um klukkan 5 að morgni 31. marz muni hann hafa kastað djúpt út af Kúðafljóti á 65 faðma dýpi. Þarna hafi hann tekið tvö tog, og í hinu síðara hafi varpan rifnað. Aflandsvindur hafi verið, og hafi hann því siglt upp undir land til þess að gera við vörpuna. Hafi viðgerðin tekið 45—60 mínútur, og meðan á henni hafi staðið, hafi gæzlufugvélín flogið yfir bátinn. Tveir menn hafi þá verið að gera við vörpuvænginn, en aðrir bátverjar að gera að afla. Gizkar kærði á, að um tvær smálestir af fiski hafi verið á þilfari bátsins á þessum tíma. — Í rannsókn málsins gat kærði ekki gert grein fyrir, hvenær hann hætti að fiska að morgni 31. marz né hve langt leið frá inndrætti vörpunnar, unz gæzlufugvélín kom. Hann lýsti veðri og sjólagi svo, að dálítil norðaustangola hafi verið og svolítil kvika á suðvestan.

Í rannsókn málsins voru skipverjar krafðir vættis. Eru framburðir þeirra flestra að mestu í samræmi við frásögn kærða, og verða nú rakin þau atriði þeirra, er einhverju virðast geta skipt.

Vitnið Hafsteinn Stefánsson stýrimaður minnst þess, er gæzlufugvélín flaug yfir bátinn um hádegisbilið 31. marz. Segist það þá hafa verið að bæta vörpuna ásamt netjamanninum. Hásetar hafi um það leyti verið að vinna við fiskinn á þilfari. Engir vírar hafi þá legið út frá bátnum, og hlerar hafi hangið í gálgum.

Vitnið Hans Heinrich Tegeder netjamaður segist hafa verið að bæta vörpuna ásamt stýrimanninum, þegar flugvélín flaug yfir, og segir sig minna, að þrír hásetar væru þá að gera að fiski. Sérstaklega aðspurt kveðst vitnið ekki geta um það borið, hvort báturinn hafi verið fjær landi, er varpan hafi rifnað, en þegar gæzlufugvélín flaug yfir hann.

Vitnið Jakob Ólafsson háseti segir, að er vörpuförvængurinn hafi rifnað, hafi verið farið að bæta vörpuna og siglt upp að landi á nokkuð mikilli ferð í á að gizka þrjá stundarfjórðunga.

Vitnið Jóhannes Jóhannesson, 2. vélstjóri, segir, að viðgerð á vörpunni hafi staðið yfir, þegar flugvélín flaug yfir bátinn, og enn fremur aðgerð fisks á þilfari; báturinn hafi ekki verið að toga, varpan legið í ganginum stjórnborðs megin, hlerarnir hangið í gálgunum og engir vírar legið frá bátnum út í sjó.

Vitnið Árni Sigurjónsson, 1. vélstjóri, sem einn bátverja auk kærða er hluthafi í h/f Sæbjörgu, eiganda v/b Sidons, virðist einkennilega ófrótt um alla atburði, er nokkru varða í máli þessu. Þó segist það hafa verið við að draga vörpuna inn í síðasta skipti, áður en flugvélin kom, og ekki hafa orðið þess vart, að hún væri rifin.

Vitnið Geir Sigurgeirsson háseti skýrir frá því, að virarnir hafi legið úti í sjó frá hlerunum, pokinn verið úti og áhöfnin að draga vörpuna inn, þegar gæzluflugvélin hafi flogið yfir bátinn. Pokinn hafi síðan verið dreginn inn, þegar eftir að flugvélin hafi flogið yfir bátinn. Segir vitnið, að talið hafi verið um borð, að flugvélin væri við landhelgisgæzlu og mundu þeir kærðir fyrir að vera í landhelgi. Hafi verið um það talað, að þeir gætu sagt, að þeir hefðu verið að bæta vörpuna, ef þeir yrðu kallaðir fyrir rétt. Hafi kærði haft þau orð við skipshöfnina, hvort þeir gerðu sér ekki ljóst, að þeir hafi verið að bæta, og ættu að halda því fram fyrir réttinum.

Áður er getið sérstöðu vitnisins Árna Sigurjónssonar, og um öll vitnin gildir það, að þau voru enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru leidd. Enn fremur taka vitnin öll kaup sitt í aflahlut. Af þessum ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

EKKI verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað afhafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélinna fljúga mjög nálægt bátnum nokkur skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar, og vængirnir voru fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti á veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, og t. d. hafi dragstrengir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra segir, að báturinn hafi verið að toga með stjórnborðsvörpu. Hafi hlerarnir verið komnir í gálga og hangið utan borðs, en varpan öll verið í sjó. Vörpustrengirnir („grandróparnir“) hafi staðið út frá gálgunum, nálægt því þvert út af bátnum stjórnborðs megin. Ekkert veiðarfæri hafi verið sjáanlegt innan borðs, en hlerarnir þó hangið í gálgunum, svo sem sagt hefur verið. Á meðan gæzlumennirnir hafi athugað bátinn, hafi áhöfnin ekkert aðhafzt, og af þeirri ástæðu og með tilliti til þess, hvernig ástatt hafi verið um veiðarfærin, hafi verið mjög erfitt að átta sig á, hvort bátverjar hafi verið að varpa vörpunni til að veiða eða draga hana inn að afloknu togi. Þó hafi sér frekar virzt, að verið væri að draga hana inn, vegna þess, hvað virarnir hafi staðið mikið þvert út frá bátnum. Hafi svo virzt sem bátverjar væru að rétta vörpuna af til inndráttar í bátinn. Þá hafi báturinn virzt liggja kyrr, og bendi það einnig til þess, að bátverjar hafi verið að draga vörpuna inn eftir tog. Áreiðanlegt sé, að enginn

hafi verið að bæta net eða gera að fiski, þegar yfir bátinn hafi verið flogið. Allmikill fiskur hafi verið á þilfari.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, segir, að svo hafi verið ástatt um veiðarfæri í bátnum, að hlerarnir hafi hangið í gálgunum utan borðs stjórnborðs megin. Sjálf varpan hafi öll verið í sjó. Vörpustrengirnir („grandróparnir“) hafi staðið nokkurn veginn þvert út frá bátnum, en þó vísað aðeins á ská aftur með. Þetta, segir vitnið, að bendi ákveðið til þess, að áhöfnin hafi verið að draga vörpuna inn eftir tog. Einnig segir vitnið, að sér hafi virzt báturinn liggja alveg kyrr, og bendi það og til þess, að unnið hafi verið að inndrætti vörpunnar. Hins vegar segir vitnið, að þar eð bátverjar hafi ekkert aðhafzt, meðan athugun gæzlumanna fór fram, hafi ekki beint verið hægt að sjá á hegðun þeirra, hvort verið var að varpa vörpunni eða draga hana inn eftir tog. En af því, sem fyrr er sagt, svo og af reynslu sinni virtist vitninu augljóst, að verið væri að draga vörpuna inn eftir tog. Ekki segir vitnið koma til greina, að neinir bátverja hafi verið að gera við vörpuna eða að gera að fiski, meðan sveimað hafi verið yfir bátnum. Þá segir vitnið loks, að talsverður fiskur hafi verið á þilfari.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Áður er að því vikið, að kærði hefur ekki getað gert grein fyrir, hvenær hann hætti að veiða að morgni 31. marz sl. né hve langt hafi liðið frá inndrætti vörpunnar, unz gæzluflugvélin kom. Þykir það veikja frásögn hans, að hann skuli þannig ekki geta gert nákvæma grein fyrir athöfnum sínum, rétt áður en yfir bát hans var flogið. Eftir veður- og sjólagslýsingu kærða virðist engin ástæða hafa verið til þess að sigla upp undir til þess að lagfæra vörpuna, enda þótt hún hefði rifnað. Vitnið Árni Sigurjónsson, er tók þátt í síðasta inndrætti vörpunnar, kvaðst ekki hafa orðið þess vart, að hún væri rifin. Vitnið Hans Heinrich Tegeder gat ekki um það borið, hvort báturinn var nær eða fjær landi, þegar varpan var talin hafa rifnað, en þegar gæzluflugvélin kom. Vitnið Geir Sigurgeirsson sagði frá því, að inndráttur vörpunnar hefði staðið yfir, þegar flugvélin var yfir bátnum. Allmikill afli var á þilfari bátsins, um tvær smálestir, að því er kærði hefur viðurkennt.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfesta vitnaframburða landhelgisgæzlumanna svo og þeirrar stoðar, er þeir eiga í nýgreindum atriðum úr frásögn kærða og framburðum bátverja, þykir ekki varhuga-vert að telja uppvíst, að v/b Sidon hafi verið að ólöglegum landhelgisveidum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma, þrátt fyrir gagnstæða framburði flestra bátverja, er samkvæmt framansögðu geta ekki talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður og að telja þá alla hlut-takendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, með vísun til núverandi gull-gildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur), hæfi-

lega ákveðin 29.500.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði aflána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Þá skal og allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru í v/b Sídon, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda sins, Theodórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð :

Kærði, Angantýr Arngrímur Elíasson, greiði 29.500.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði aflána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Allur aflí og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Sídon, V.E. 29, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda sins, Theodórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1949.

Nr. 125/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

**Júlfusi Sigurðssyni** (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

#### Dómur Hæstaréttar.

Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms er refsing kærða hæfilega ákveðin 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og um upptöku afla og veiðarfæra ber að staðfesta.